



Ársskýrsla Pókersambands Íslands 2025

Árspaning 2025 og stjórn

Árspaning PSÍ var haldið sunnudaginn 2. febrúar 2025. Þingið fór fram á skjáfundum eingöngu, eins og gert var í fyrsta sinn 2022 og hefur gefist vel, og mættu 6 til fundar. Það er oft sagt að það sé merki um almenna ánægju með stjórnun félagasamtaka þegar fáir mæta til aðalfundar og vonum við að fámennið megi túlka sem svo.

Allir aðalmenn í stjórn og nefndum gáfu kost á sér til áframhaldandi setu.

Í stjórn PSÍ eru:

- Már Wardum, formaður
- Jón Ingi Þorvaldsson, gjaldkeri
- Einar Þór Einarsson, ritari
- Halldór Már Sverrisson, varamaður

Í mótanefnd eru:

- Einar Þór Einarsson
- Jón Ingi Þorvaldsson
- Hilmar Vilberg Arnarson
- Már Wardum

Laga- og leikreglanefnd skipa:

- Jón Ingi Þorvaldsson
- Inga Kristín Jónsdóttir
- Einar Þór Einarsson

Skoðunarmaður reikninga er:

- Ottó Marwin Gunnarsson

Engar breytingar voru gerðar á lögum eða reglugerðum.

Fjármál

Fjárhagur PSÍ hefur verið í mjög góðum farvegi undanfarin ár og jafnt og þétt hefur verið jákvæð afkoma um 400-500þús kr. á ári sl. 5 ár. Skömmu eftir að núverandi stjórn tók við var sett það markmið að koma fjárhag sambandsins upp í ca. 3mkr og halda okkur síðan í kringum þá upphæð og höfum við endað síðustu 3 ár með eigið fé yfir 3mkr. Við höfum því marvisst notað það fé sem er umfram 3mkr í að efla þátttöku á undanmótum fyrir ÍM og Stórbokka með því að gefa aukamiða og tryggja verðlaunafé á undanmótum. Við byrjuðum árið 2025 með 3,4mkr í eigið fé og enduðum árið með 3,1mkr.

186 félagar greiddu árgjöld fyrir 2025 og og skilaði það kr. 1.116þús en aðildargjöld eru fyrst og fremst hugsuð til að dekkja allan grunn rekstrarkostnað og starfsemi sambandsins auk skipulags net móta, þar sem PSÍ tekur ekki hluta af mótsgjaldi í kostnað vegna þeirra móta, og annarrar starfsemi en live mótanna. Árgjöldin hafa verið óbreytt síðan 2017. Stefnan er að reka stóru mótin sem næst á sléttu og en þetta árið greiddum við umtalsvert með mótum, sér í lagi í formi aukamiða og overlay í undanmótum en heildarafkoma mótahalds var neikvæð um 965þús og að teknu tilliti til þjónustugjalda vegna færsluhirðingar var rekstur móta neikvæður um tæp 1300þús. Rekstrarafkoma sambandsins var í heild neikvæð um kr. 228þús.

Mótahald á árinu 2025

Á mótadagskránni voru fyrst og fremst „fastir liðir eins og venjulega“ þetta árið. En við brydduðum þó upp á þeirri nýbreytni þetta árið að slá saman Stórbokka, Smábokka og hliðarmótum í nokkurra daga póker-hátíð undir heitinu „Midnight Sun Poker“. Nokkrir erlendir gestir mættu til leiks og hátíðin tókst í alla staði mjög vel.

Eftirfarandi mót voru haldin á árinu:

- Coolbet Bikarinn, 2.feb – 16.mars – Coolbet
- Bræðingur, 4.júní - Hugaríþróttafélagið
- Smábokki, 6.-7. júní – Hugaríþróttafélagið
- Stórbokki, 8.júní – Hugaríþróttafélagið
- Íslandsmótið í net-póker, 31.ágúst - Coolbet
- Íslandsmótið í net-PLO, 7.sept. - Coolbet
- Íslandsmótið í póker, 6.-9. nóv. – Hugaríþróttafélagið
- PLO Íslandsmót, 15. nóv. - Hugaríþróttafélagið

Fræðsla fyrir mótstjóra

PSÍ hefur um nokkurt skeið gert þá kröfu að mótstjórar á mótum á vegum sambandsins hafi tileinkað sé næga þekkingu á reglum TDA (Tournament Directors Association) til að öðlast TDA vottun. Til að fá slíka vottun þarf að taka próf sem aðgengilegt er á vef TDA og ná að svara amk. 90% spurninga rétt. Síðustu ár hafa það eingöngu verið stjórnarmennirnir, **Jón Ingi, Einar Þór og Már** sem hafa viðhaldið TDA vottuninni og hafa því þurft að axla alla ábyrgð á mótstjórn. Á árinu 2025 gerðum við átak í að fjölga í þessum hóp með góðum árangri, m.a. með sérstakri fræðslu fyrir þá sem sinna mótstjórn hjá Hugaríþróttafélaginu og bættust eftirfarandi í hóp þeirra sem hlotið hafa TDA vottun og geta nú komið að mótstjórn á vegum PSÍ: **Atli Þrastarson, Edward Ingi Torfason, Nikulás Kai Fletcher, Sigurður Dan Heimisson og Steinar Snær Sævarsson**. Nikulás Kai þreytti síðan frumraun sína í mótstjórn í hliðarmótum á ÍM í póker í nóvember og fórst það vel úr hendi. Við bjóðum þá velkoma í hópinn og hlökkum til að starfa með þeim á komandi misserum.



Coolbet bikarinn 2025



Coolbet bikarinn var haldinn í sjötta sinn árinu og voru mótin 6 talsins að þessu sinni auk 9 manna lokaborðs sem leikið var viku eftir að stigakeppninni lauk og segja má að það hafi gefist mjög vel að hafa stutta og snarpa mótaröð að þessu sinni enda hélst þátttaka góð út alla mótaröðina. Alls tóku 73 einhvern þátt í mótaröðinni, sem er ein mesta þátttaka hingað til, og í lokamótinu voru ennþá 29 þátttakendur.

Það var **Halldór Már Sverrisson** sem náði strax góðri forystu í stigakeppninni var langstigahæstur að loknum mótunum 6 í stigakeppninni og kom því inn á lokaborðið með stærsta stakkinn en stakkstærð á lokaborðinu var í beinu hlutfalli við heildarstigafjölda. Þeir 9 sem urðu hlutskarpastir í stigakeppninni og komust á lokaborðið voru (ásamt stigatölu og verðlaunafé):

1.	Halldór Már Sverrisson	CASINOICE1	52	€1.297
2.	Wilhelm Norðfjörð	Astonwilli19	41	€1.103
3.	Brynjar Bjarkason	makk	41	€734
4.	Kristján Loftur Helgason	Blakaldur	39	€870
5.	Axel Hreinn	Axelhreinn	39	€809
6.	Júlíus Símon Pálsson	matrixfrank345	38	€1.172
7.	Ragnar Þór Bjarnason	RitcXX	35	€1.267
8.	Dmytro Kalitovskyi	dsaliente	34	€490
9.	Atli Þrastarson	WhiskyMaster	33	€575

Á lokaborðinu voru síðan 4 glæsilegir vinningar í boði Coolbet en efstu tveir fengu pakka með hótलगistingu og miða á Coolbet Open 2025 að verðmæti €1600 og þeir sem urðu í 3. og 4. sæti fengu pakka á sömu pókerhátíð að verðmæti €550. Þeir sem enduðu í 5.-9. sæti á lokaborðinu fengu síðan €150 Coolbet Passport miða sem nota má á online undanmót á Coolbet. Það var **Atli Rúnar (atli951)** sem hreppti Coolbet bikarinn að þessu sinni og Jóhann Hafnfjörð Rafnsson (Peningagj) vann hinn stóra pakkann.

Sætin 9 á lokaborðinu í Coolbet bikarinn 2025 skipuðust á endanum svona:

Nafn	Coolbet ID	Stig	Upphafsstakkur og verðlaun
1. Axel Hreinn Steinþórsson	Axelhreinn	39	7800 €1600 pakki á Coolbet Open
2. Halldór Már Sverrisson	CASINOICE1	52	10400 €1600 pakki á Coolbet Open
3. Wilhelm Norðfjörð	Astonwilli19	41	8200 €550 pakki á Coolbet Open
4. Kristján Loftur Helgason	Blakaldur	39	7800 €550 pakki á Coolbet Open
5. Atli Þrastarson	WhiskyMaster	33	6600 €150 Coolbet Passport ticket
6. Ragnar Þór Bjarnason	RitcXX	35	7000 €150 Coolbet Passport ticket
7. Brynjar Bjarkason	makk	41	8200 €150 Coolbet Passport ticket
8. Dmytro Kalitovskyi	dsaliente	34	6800 €150 Coolbet Passport ticket
9. Júlíus Símon Pálsson	matrixfrank345	38	7600 €150 Coolbet Passport ticket

Bræðingur 2025

Bræðingur var haldinn í annað sinn og í þetta sinn sem hluti af pókerhátíðinni Midnight Sun Poker. Mótið hófst á Coolbet á sunnudegi þar sem leikið var niður í 9 manna lokaborð og hélt mótið síðan áfram í sal Hugaríþróttafélagsins tveimur dögum síðar þar sem lokaborðið var leikið til enda. Það var **Jesper Sand Poulsen** sem stóð uppi sem sigurvegari eftir dágóða heads-up viðureign við Friðrik Falkner.

Það var Árni Gunnarsson sem kom inn á borðið með gott chip-lead eftir að hafa lent röð á river og kallað stórt blöff frá Jesper þegar 10 voru eftir í net-hluta mótsins. Jesper náði síðan að svara til baka þegar 5 voru eftir í mótinu og Jesper lenti lit á river og setti Árna all-in sem kallaði með yfirpar og var í ljósi þess sem á undan hafði gengið viss um að Jesper væri að blöffa. Árni var þar með úr leik í 5.sæti og Jesper kominn með gott chip-lead sem hann hélt allt til enda.

Alls tóku 40 þátt í mótinu og endurkaup voru 21 talsins. Það voru 400þús. kr. sem enduðu í prizepoolinu en þess má geta að í þessu móti tekur PSÍ ekkert fyrir að halda mótið og Coolbet tekur aðeins 9% fyrir að halda mótið fyrir okkur þrátt fyrir ærna fyrirhöfn þeim megin þar sem um mjög sérstakt setup er að ræða.

Verðlaunaféð skiptist á milli 5 efstu með eftirfarandi hætti:

1. Jesper Sand Poulsen – 140.000
2. Friðrik Falkner – 100.000
3. Jón Ingi Þorvaldsson – 75.000
4. Kristján Loftur Helgason – 55.000
5. Árni Gunnarsson – 40.000



PLO Íslandsmót 2025

Íslandsmótinu í Pot-Limit-Omaha lauk með sigri **Brynjars Bjarkasonar**; sem flestir þekkja eflaust sem “Makkarann”. Í öðru sæti varð Már Wardum og í því þriðja varð Reynir Örn Einarsson. Það hefur löngum verið ljóst að Brynjar sé einn af okkar allra fremstu spilurum og hefur hann m.a. orðið Íslandsmeistari í net-póker tvisvar sinnum og var hann með því fyrstur til að vinna sama titil tvisvar í mótum á vegum PSÍ, og einnig vann hann Coolbet bikarinn þegar hann var haldinn í fyrsta sinn árið 2020. En þetta er í fyrsta sinn sem hann vinnur sigur í live móti á vegum PSÍ.

Mótið fór fram 15. nóvember í salarkynnum Hugaríþróttafélagsins. Þátttakendur voru 19 talsins og keyptu 7 þeirra sig inn aftur en eitt re-entry er leyft í þessu móti. Alls voru því 26 entry í mótið sem er smá fækkun frá því í fyrra en svipað og verið hefur í þessu móti. Þetta mót hefur á undanförunum árum verið lítilla niðurgreitt af PSÍ og kostnaður mótsins endaði að þessu sinni í 27,5%, m.a. vegna þess að ákveðið var að splæsa í veitingar fyrir þátttakendur og starfsfólk þar sem þetta var síðasti viðburður ársins hjá okkur. Kostnaðarhlutfall var hins vegar fest í 15% og var verðlaunafé því 85% af þátttökugjöldum eða 884.000 og skiptist það á milli 5 efstu með eftirfarandi hætti:

- | | |
|-----------------------------------|---------|
| 1. Brynjar Bjarkason | 340.000 |
| 2. Már Wardum | 225.000 |
| 3. Reynir Örn Einarsson | 150.000 |
| 4. Þórarinn Kristjánsson Ólafsson | 100.000 |
| 5. Hrannar Hallgrímsson | 70.000 |



Smábokki 2025

Smábokki var sem fyrr segir í þetta sinn haldinn sem hluti af pókerhátíðinni Midnight Sun Poker í byrjun júní. Alls tók 53 þátt í mótinu og voru endurkaup í mótið 25 talsins þannig að alls voru 78 entry í mótið. Þetta var aðeins minni þátttaka en árið á undan og spilar eflaust eitthvað inn í að pókerhátíðin var haldin um Hvítasunnuhelgina. Verðlaunaféð á Smábokka var samtals 1.989.000 og var námundað upp í sléttar 2.000.000 sem skiptist á milli 9 efstu leikmanna. Kostnaðarhlutfall mótsins var slétt 15%.

Það var **Steinar Edduson** sem stóð uppi sem sigurvegari annað árið í röð eftir hálf tíma heads-up viðureign við Brynjar Bjarkason. Það út af fyrir sig er sögulegur árangur að vinna mótið tvö ár í röð en ekki síður í ljósi þess að hann hóf dag 2 með aðeins 4 BB.

Þeir sem skiptu verðlaunasætunum með sér voru:

1. Steinar Edduson	565.000
2. Brynjar Bjarkason	400.000
3. Daniel Jacobsen	280.000
4. Steinar Geir Ólafsson	215.000
5. Gunnar Árnason	165.000
6. Karol Polewaczyk	125.000
7. Rhonda Shepek	100.000
8. Örn Árnason	80.000
9. Daníel Pétur Axelsson	70.000



Stórbokki 2025

Það var **Sigurður Þengilsson** sem vann sigur á Stórbokkanum í ár eftir heads-up viðureign við Einar Þór Einarsson sem varð í öðru sæti. Þegar þeir voru einir eftir gerðu þeir með sér samning um að skipta jafnt verðlaunafénu fyrir efstu tvö sætin og spila síðan upp á titilinn og verðlaunagripina.

Alls tóku 30 þátt í mótinu og er þetta fjölmennasta Stórbokka mótið síðan 2016. Endurkaup voru 12 talsins þannig að heildarfjöldi skráninga (entries) í mótið var 42. Verðlaunaféð endaði í 5.040.000 og kostnaðarhlutfall 15%. Ráðgert var að skipta verðlaunafé á milli 6 efstu en þegar 7 voru eftir var gert samkomulag um að borga 7. sætinu einnig. Þeir sem unnu til verðlauna voru:

1. Sigurður Þengilsson	1.405.000
2. Einar Þór Einarsson	1.405.000
3. Egill Þorsteinsson	770.000
4. Róbert Gíslason	560.000
5. Jón Óskar Agnarsson	400.000
6. Friðrik Falkner	300.000
7. Guðjón Ívar Jónsson	200.000

Mótið var haldið í sal Hugaríþróttafélagsins sem hluti af pókerhátíðinni Midnight Sun Poker 2025 og kunnum við þeim Hugarmonnum bestu þakkir fyrir að hýsa mótið og einnig fyrir vel heppnuð undanmót vikuna fyrir mót. Í matarhléi var farið með alla þátttakendur og starfsfólk í veglega 3ja rétta máltíð á veitingastaðnum Vox og var það innifalið í þátttökugjaldi.



Íslandsmótið í net-póker 2025

Guðjón Ívar Jónsson (GoodEvening) vann sigur á Íslandsmótinu í net-póker sem fram fór á Coolbet 31. ágúst.

Guðjón kom inn á lokaborðið með næststærsta stakkinn en lenti í miklum rússibana þegar leið á lokaborðið og var lengi vel með minnsta stakkinn þegar þrír til fjórir voru eftir. Þegar heads-up leikurinn hófst var á brattann á sækja þar sem hann var með helmingi minni stakk og þótt að heads-up baráttan hafi aðeins staðið í tæpar 13 mínútur þá fór forystan fram og til baka nokkrum sinnum, og hafði Guðjón á endanum betur.

Í öðru sæti varð Remigiusz Krzysztof Krupa, sem notast við heitið Remek1802 á Coolbet, og kom hann inn á lokaborðið með rétt um meðalstakk. Þegar þrír voru eftir tók hann út vidare90 og hóf því heads-up leikinn með góða forystu. Í þriðja sætinu varð síðan Viðar Einarsson, sem gengur undir nafninu vidare90 á Coolbet.

Alls tók 41 þátt í mótinu sem er aðeins færra en í fyrra, þátttökugjald var €200 og endaði verðlaunapotturinn í €7462 sem skiptist á milli 7 efstu á eftirfarandi hátt:

1. Goodevening – €2612
2. Remek1802 – €1679
3. vidare90 – €1119
4. Aimsland – €746
5. NaomiOsaka – €560
6. Stjanki – €410
7. Ingi – €336



Íslandsmótið í net-PLO 2025

Örn Árnason (Orninn) vann sigur á Íslandsmótinu í net-PLO (Pot-Limit-Omaha) sem fram fór á Coolbet á sunnudaginn 7. september. Örninn er íslenskum pókeráhugamönnum að góðu kunnur og hefur verið fastagestur á flestum mótum á vegum PSÍ á undanförunum árum og hann sópaði t.a.m. til sín flestum vinningum á Coolbet Mystery Bounty upphitunarmótinu fyrir ÍM í fyrra, en þar var meðfylgjandi mynd tekin af kappanum.

Í öðru sæti var Brynjar Bjarkason (makk) sem tvisvar hefur unnið sigur á ÍM í net-póker og einu sinni unnið Coolbet bikarinn og varð auk þess Íslandsmeistari í PLO nú í ár. Og í þriðja sæti var Ragnar Þór Bjarnason (RitcXX).

Alls tók 18 þátt í mótinu og eru það helmingi færri en í fyrra (36) en jafn margir og árið þar áður, Endurkaup í mótið voru 17 þannig að heildarfjöldi entry-a var 35, en boðið er upp á tvö re-entry í mótið. Verðlaunafénu var skipt á milli 6 efstu sem hér segir:

1. Orninn – €1178
2. makk – €796
3. RitcXX – €478
4. galdrakall – €319
5. NaomiOsaka – €239
6. Goodevening – €175



Íslandsmótið í póker 2025

Íslandsmótið í póker fór fram dagana 6.-9. Nóvember og lauk því með sigri **Sigurðar Þorgeirssonar** eftir mjög stutta heads-up viðureign við **Daníel Má Pálsson** sem stóð aðeins yfir í 3 hendur. Í þriðja sæti varð **Jónas Nordquist**. Daníel kom inn á dag 3 með stærsta stakkinn en átti í vök að verjast allan daginn og var kominn niður í 6BB þegar hann og Sigurður, sem þá var með 170BB, enduðu heads-up. Þetta er líklega eitt stysta lokaborð í sögu þessa móts en það stóð aðeins yfir í rétt rúmar 4 klst.

Heildarfjöldi þátttakenda var 106 og tók 51 þátt í degi 1a og 55 á degi 1b og komust samtals 49 þeirra á dag 2. Á degi 2 var leikið frá kl. 14:00 og rétt fram yfir miðnættið en þá stóðu 9 eftir sem mynduðu lokaborðið.

Heildarverðlaunafé var 7.150.000 og skiptist það á milli 15 efstu sæta. Kostnaðarhlutfall mótsins var 15,7%. Eftirfarandi skiptu með sér verðlaunafénu og Garðar Geir sem endaði í 16. sæti (búbblusætinu) fékk í sárabætur miða á ÍM 2026:

1. Sigurður Þorgeirsson	1.600.000
2. Daníel Már Pálsson	1.200.000
3. Jónas Nordquist	900.000
4. Örn Árnason	690.000
5. Hjalti Már Þórisson	550.000
6. Óskar Örn Eypórsson	450.000
7. Þórarinn Kristjánsson Ólafsson	360.000
8. Egill Þorsteinsson	280.000
9. Hafþór Sigmundsson	220.000
10. Kristján Bragi Valsson	170.000
11. Daniel Jacobsen	170.000
12. Hrannar Hallgrímsson	150.000
13. Gizur Gottskálksson	150.000
14. Ernestas Trofimovas	130.000
15. Arnar Guðmundsson	130.000
16. Garðar Geir Hauksson	Miði á ÍM 2026



Við þökkum félagsmönnum öllum fyrir góða þátttöku í viðburðum ársins. Við hvetjum alla til að taka áfram virkan þátt í starfsemi sambandsins og minnum á að breið samstaða um þátttöku í mótum PSÍ er grundvöllur að öflugri starfsemi hjá okkur. Við vonumst til að sjá ykkur sem allra flest aftur á nýju ári!

Stjórn og mótanefnd PSÍ.

Ársreikningur PSÍ 2025

Rekstrarreikningur	2025	2024	2023	2022	2021
Rekstrartekjur					
Félagsgjöld - (186 félagsgjöld)	1.116.000	1.194.000	882.000	984.000	1.338.000
Þáttökugjöld móta	27.030.757	25.044.770	18.356.834	17.678.495	20.830.942
Sala á búnaði	45.000	0	0	10.000	20.000
Önnur fjáröflun	120.000	169.500	101.000	381.217	303.339
Samtals	28.311.757	26.408.270	19.339.834	19.053.712	22.492.281
Rekstrargjöld					
Greiðslur til gjafara og starfsmanna móta	3.578.251	3.241.783	2.210.808	2.208.950	2.742.968
Verðlaunafé á mótum	23.351.325	21.700.243	16.135.367	15.018.934	17.835.000
Annar mótakostnaður	929.730	446.833	289.777	333.537	260.765
Verðlaunagripir	79.470	46.620	33.890	32.290	56.180
Landslið	0	0	0	638.656	0
Geymslukostnaður	0	0	0	0	60.000
Hýsing og rekstur upplýsingakerfa	95.014	84.063	66.971	62.386	62.386
Félagslíf, fræðslumál, skrifstofu- og stjórnunark	180.041	127.994	39.388	59.070	95.774
Gjaldfærð áhöld	26.265	243.985	31.985	0	0
Auglýsingar	56.695	62.101	10.083	36.258	0
Bókhald og ráðgjöf	60.000	60.000	60.000	50.000	50.000
Þjónustugjöld	324.821	306.334	190.601	153.042	134.049
Annar rekstrarkostnaður	0	0	0	0	45.610
Samtals	28.681.612	26.319.956	19.068.870	18.593.123	21.342.732
Fjármagnsliðir					
Fjármagnstekjur	182.225	256.378	99.495	3.691	1.292
Fjármagnsgjöld	-40.090	-56.404	-21.889	-822	-104
Afskriftir	0	0	0	0	0
Samtals	142.135	199.974	77.606	2.869	1.188
Rekstrarafkoma ársins	-227.720	288.288	348.570	463.458	1.150.737
Efnahagsreikningur					
Varanlegir rekstrarfjármunir					
Áhöld og tæki	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur	0	0	0	0	0
Bankainnistæður í lok árs	3.107.532	3.395.252	3.046.964	2.698.394	2.284.936
Samtals í lok árs	3.107.532	3.395.252	3.046.964	2.698.394	2.284.936
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé í upphafi árs	3.335.252	3.046.964	2.698.394	2.234.936	1.084.199
Langtímaskuldir	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	0	60.000	0	0	50.000
Hagnaður/tap ársins	-227.720	288.288	348.570	463.458	1.150.737
Samtals í lok árs	3.107.532	3.395.252	3.046.964	2.698.394	2.284.936
Aukning eigin fjár	-6,8%	9,5%	12,9%	20,7%	106,1%
Afkoma mótahalds	-964.714	-452.810	-323.091	48.526	-63.971
Frávík (sem hlutfall af þáttökugjöldum)	-3,6%	-1,8%	-1,8%	0,3%	-0,3%